

Ed.

198. Breytingartillaga

[111. mál]

við frv. til laga um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá Stefáni Jónssyni.

14. gr. orðist svo:

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í Svartsengi við Grindavík og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja. Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.